

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
nefndarritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2704
komudagur 14. 5. 2008

Reykjavík, 13. maí 2008
2008050006/42-1-1
sb/gg

Umsögn um frumvarp til laga um fiskeldi, 530. mál.

Vísað er til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 23. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreint frumvarp.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur margt jákvætt við frumvarpið, m.a. markmiðslýsingin sem leggur áherslu á ábyrgt fiskeldi og verndun villtra nytjastofna og lífríkis þeirra. Stofnunin gerir þó alvarlegar athugasemdir við frumvarpið.

Fiskeldi getur haft veruleg skaðleg áhrif á umhverfið, t.d. vegna úrgangs og íbætiefna (efnamengun) sem berst út í umhverfið, og einnig vegna hættu á að eldislífverur sleppi út í náttúruna (líffræðileg/erfðafræðileg mengun). Þrátt fyrir þessa hættu er hvergi vísað í náttúruverndarlög eða aðkomu stofnana umhverfisráðuneytisins um rannsóknir, umhverfismat, eða eftirlit með fiskeldi og áhrifum þess á villta náttúru. Eina undantekningin á því varðar svæðisskiptingu fiskeldis (5. gr.) þar sem umsögn umhverfisráðuneytisins er lögbundin. Þó er gert ráð fyrir aðkomu rannsókn- og eftirlitsstofnana (Matvælastofnunar, Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar) sem heyra allar undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Náttúrufræðistofnun telur algerlega nauðsynlegt að tryggja að sjónarmið náttúru- og umhverfisverndar við fiskeldi, eins og aðrar framkvæmdir sem geta haft áhrif á villta náttúru. Stofnunin gerir því eftirfarandi beinar tillögur til úrbóta:

1. gr., fyrsta mgr.: "...og tryggja verndun villtrar náttúru." (í stað villtra nytjastofna). Vistkerfi vatna, straumvatna, vatnsbakka er meira en bara villtir nytjastofnar og lífríki þeirra.

4. gr., 2. mgr., seinni setning: "...Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands"

Aðkoma UST er nauðsynleg m.a. vegna mengunarþáttarins og umsögn NÍ er eðlileg vegna hugsanlegra áhrifa, t.d. á arnastofninn, fiskiendur og goða.

7. gr., 2. mgr., 1. setning: "...Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar." Mengunarfrárennslis- og umhverfismál tilheyra enn Umhverfisstofnun.

8. gr., 2. mgr., 1. setning: "...varða slíkan atvinnurekstur, áhættumat fyrir umhverfið, svo og...". Hér er átt við að umsækjandi leggi fram faglegt mat á þeirri umhverfishættu sem kann að stafa af fiskeldinu, þ.m.t. fyrir allt lífríkið sem tengist því vatnasviði sem reksturinn kann að hafa áhrif á.

9. gr. 3. mgr, 1. setning: "...haffræðilegum upplýsingum, upplýsingum um lífríki svæðisins og sérstök náttúruverndarsjónarmið þar að lútandi, samantekt...." Bráðnauðsynlegt er að taka mið af almennum náttúruverndarsjónarmiðum; lífríki er miklu fleira en nytjastofnar fiska.

10. gr. 4. mgr: "...umhverfisáhrifum, náttúruverndarlaga og laga um hollustuhætti..." Enn og aftur má ekki gleyma almennum náttúruverndarhagsmunum.

19. gr. 1. mgr., 2. setning: "...að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar og annarra fagaðila ef ástæða..." (sleppa Matvælastofnun hér). Eðlilegt er að lögbinda umsagnir Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar, en ekki verður séð að Matvælastofnun hafi fagþekkingu á þessu sviði eða að löggjafinn eigi að krefja hana um fagþekkingu á þessu sviði sem er sinnt er af öðrum stofnunum.

19.gr. 3. mgr., 2. setning: "...Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar (í stað "eða").
Sbr. 1. málsg.

Ákvæði til bráðabirgða. Þar er gert ráð fyrir fulltrúa umhverfisráðuneytisins í 11 manna nefnd sem að öðru leyti er skipuð fulltrúum stofnana og hagsmunaaðila. Eðlilegra virðist að hafa hér fulltrúa Umhverfisstofnunar í stað umhverfisráðuneytis.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Staðgengill forstjóra